

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð
sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar 1. nóvember í c-lið 2. tl. 17. gr. reglugerðarinnar komi 20. október.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar 15. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar komi 20. október.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1994.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um
innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja.

Fjármálaráðherra hefur hinn 8. september 1994 staðfest reglur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja frá 11. apríl 1994.

Reglurnar fást án endurgjalds á skrifstofu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Stuðla-hálsi 2, 112 Reykjavík.

Fjármálaráðuneytið, 8. september 1994.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Áslaug Guðjónsdóttir.